

Alþingi
Erindi nr. P 143/150
komudagur 5.11.2013

5.11.2013

Góðan dag,

Frumvarp til laga um almenn hegningarlög (kynvitund), 109. mál

Mannréttindaskrifstofa gerir ekki sérstaka umsögn um málið en ítrekar umsögn sína um sem send var innanríkisráðuneytinu um drög frumvarpsins. Sjá viðhengi.

Bestur kveðjur/Best Regards,

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir
Lögfræðingur/legal adviser

Mannréttindaskrifstofa Íslands



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Innanríkisráðuneytið

Reykjavík, 23. maí 2012

Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 með síðari breytingum (mismunun á grundvelli kynvitundar og viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvubrot).

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur ákveðið taka ofangreind drög til umsagnar. Markmið með þessu frumvarpi er annars vegar að veita einstaklingum með kynáttunarvanda refsivernd til samræmis við aðra hópa sem taldir eru þurfa á sérstakri vernd að halda og hins vegar að koma til móts við alþjóðlegar skuldbindingar á grundvelli viðbótarbókunar við samning Evrópuráðsins um tölvubrot.

MRSÍ fagnar þessu frumvarpi og telur þær breytingar sem í þeim felast tímabærar fyrir einstaklinga með kynáttunarvanda sem fengu loks á síðasta ári lagalega viðurkenningu hér á landi, með lögum nr. 57/2012, og yrði þessi aukna réttarvernd í fullu samræmi við þau lög.

Einnig er rýmkun ákvæðis 233. gr. a sem koma fram í 2. gr. frumvarpsins jákvæð og í samræmi við reglur Evrópuráðsins um slík brot. Ljóst er að hatursfull og ógnandi tjáning er fjölbreytt og getur komið fram á margvíslegan hátt sem og á hvaða vettvangi sem er og því mikilvægt að löggjöf landsins endurspegli þá þróun sem orðið hefur á samskiptamiðlum samfélagsins. MRSÍ hefur hvatt stjórnvöld til að fullgilda viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvuglæpi þar sem í honum felast mikilvæg ákvæði til að bregðast við hatursáróðri á internetinu sem og á öðrum vettvangi.

MRSÍ vill einnig koma eftirfarandi á framfæri:

Í 1. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga segir að brot skv. 233. gr. a skuli sæta opinberri ákæru, án þess að sá sem misgert var við krefjist þess, þrátt fyrir þetta berast lögreglu ekki margar tilkynningar frá öðrum aðilum um brot gegn ákvæðinu. Ástæðan þar að baki gæti m.a. verið sú að almenningur sé ekki á verði gagnvart slíkum brotum eða þekki ekki lögin nægilega vel. Einnig hefur MRSÍ fengið upplýsingar um að lögregla hafi ekki tekið við tilkynningum frá þriðja aðila. Slíkt er ekki ásættanlegt og ljóst að ekki nægir að gera lagaákvæðið víðtækara heldur þarf að breyta bæði framkvæmd hjá lögreglu sem og að auka fræðslu til almennings. Ákvæðinu er ætlað að auka réttarvernd þeirra hópa í samfélaginu sem að eiga á hættu að vera mismunað á grundvelli þjóðernis, litarháttar, kynþáttar,



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

trúarbragða eða kynhneigðar og, ef breytingartillögurnar ná fram að ganga, kynvitundar. Oft vita þessir hópar ekki hver réttarstaða þeirra er í þessum málum eða þora ekki að koma fram og tilkynna brot gegn sér, því er mikilvægt að lögreglan geti sjálf aðhafst í þessum málum, að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu annarra

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri